

Velkomin í heilsuleikskólann Fífusali 😊

Deildin þín heitir _____

Beinn sími deildarinnar er _____

Deildarstjórinn heitir _____

Annað starfsfólk deildarinnar heitir _____

Það sem þarf að taka með sér í aðlögun er:

- Snuð og/eða bangsi fyrir hvíld
- Bleiur og blautpurkkur
- Aukaföt í kassa frammi í fataklefa
- Útiföt eftir veðri

<p>Aukaföt sem þurfa að vera í kassa barnsins:</p> <p>Buxur Peysa Nærföt/samfella Sokkar 2 pör Sokkabuxur Bolur</p>	<p>Útiföt í hólfi barnsins:</p> <p>Kuldagalli Regnföt Stígvél Kuldaskór Hljú peysa Húfa Vettlingar (helst 2 pör) Ullarsokkar</p>
---	--

Þátttökuaðlögun

Þátttökuaðlögun byggir á þeirri kenningu að börn og foreldrar læri að vera í leikskólanum saman. Byggja upp sameiginlegan grunn (öryggi og traust milli foreldra, barna og leikskólans). Þátttökuaðlögun

er hugsuð þannig að foreldri smiti öryggiskennd og forvitni yfir til barnsins.

Dagur 1

Foreldrar og börn mæta í leikskólann klukkan 9:00. Foreldrar merkja sig og börnin með límmiðum, ath. að setja merkimiða barnsins á bakið á þeim. Dagskipulagið er síðan eins og venjulega en foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnanna. Við sýnum foreldrum en tökum ekki verkin af þeim. Þegar börnin eru sofnuð þá er hádegisfundur (fyrirlestur) með foreldrum þar sem farið er í praktíska hluti, reglur, menningu og matarræði. Hvíldin er í höndum starfsmanna. Eftir hvíld/kaffitíma er farið út. Dagur 1 klárast klukkan 15:00.

Dagur 2

Dagur 2 er eins og dagur 1 nema þá förum við út líka fyrir mat

Dagur 3

Eins og dagur 2 en foreldrar fara meðan barnið er í útiveru fyrir mat og koma til baka áður en barnið vaknar og eru með til klukkan 15:00.

Dagur 4

Barnið mætir í sinn vistunartíma. Mjög gott að stytta daginn í lokin ef hægt er. Dagar 4 og 5 geta verið erfiðir en hópurinn er yfirleitt kominn í jafnvægi eftir viku til 10 daga.

Ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, ekki hika við að tala við deildarstjóra barnsins og við finnum lausnir í sameiningu.

Með von um gott samstarf,
starfsfólk Fífusala.